



SUÐURLANDSSKÓGAR

Alþingi
Erindi nr. P 125/1302
komudagur 29.3.2000

Umhverfisnefnd Alþingis
Ólafur Örn Haraldsson formaður.

Umsögn Suðurlandsskóga (SIs) um lagafrumvarp á 125. Löggjafarþingi um mat á umhverfisáhrifum.

Suðurlandsskógar eru eitt af mörgum átaksverkefnum í skógrækt á Íslandi. Mikill metnaður er lagður í að gera skógræktaráætlanir fyrir landeigendur á Suðurlandi, þannig að nýskógrækt falli sem best að íslensku landslagi og ógni ekki fjölbreytileika lífríkisins. Sér kafli er í öllum skógræktaráætlunum sem fjallar um verndarsvæði innan væntanlegrar skógræktar.

Undirritaður fagnar nýjum lögum um umhverfismat og telur að með þeim megi renna styrkari stoðum undir fagleg vinnubrögð á umhverfissviðinu í framtíðinni.

Nokkur atriði eru þó í þessum lögum sem vert er að skoða betur:

Í öðrum viðauka í lið 1.d., er lagt til að stærðarmörkin verði 40 hektarar. Ef þessi tala verður látin standa óbreytt, mun það verða til að skógrækt á Íslandi verður að "skæklaskógrækt" í framtíðinni. Þessi stærðarmörk þurfa að hækka til að koma í veg fyrir skógrækt af því tagi.

Með frumvarpinu er fylgiskjal frá fjármálaráðuneytinu þar sem kemur fram að lítill viðbótarkostnaður komi á ríkið vegna þessara laga. Reikna má með að þeim mun meiri kostnaður lendi þá á framkvæmdaðila.

Sextíu jarðir á Suðurlandi hefðu fallið undir þessa skilgreiningu í viðauka tvö, lið 1.d. síðustu tvö ár ef löggin hefðu verið komin 1.jan. 1998. Það þýðir með öðrum orðum að kostnaður bænda hefði að minnsta kosti orðið jafnhár og það fjármagn sem kom til verkefnisins á þessu tímabili, (Suðurlandsskógar fengu rúmlega 50 milljónir 1998 og 1999).

Reikna má með að aðeins vel stætt fólk fari af stað í skógrækt vegna mikils kostnaðar við mat á umhverfisáhrifum ef frumvarpið verður að lögum óbreytt. *Landshlutabundin skógræktarverkefni munu þá ekki lengur standa undir nafni sem byggðaverkefni.*

Árborg 27.3.2000.

Björn B. Jónsson
framkvæmdastjóri Suðurlandsskóga.